



**Aðalfundur 2017**

**Aðalfundargerð**

## Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands 2017

Hvanneyri 6. apríl 2017

### Dagskrá

Kl. 11.00

1. Fundur settur, skipan starfsmanna
2. Skýrsla formanns Þórhildar Þorsteinsdóttur
3. Ávarp gesta. – Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson formaður Bændasamtaka Íslands
4. Afgreiðsla kjörbréfanefndar
5. Ársreikningur lagður fram. – Guðmundur Sigurðsson

#### **Matarhlé**

6. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga
7. Afgreiðsla reikninga
8. Kynning á Matvælastofnun, Guðlaugur Antonsson dýraeftirlitsmaður
9. Kynning á Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, Borgar Páll Bragason ráðunautur
10. Tillögur lagðar fram
11. Nefndarstörf
12. Afgreiðsla mála
13. Kosning stjórnar og varastjórnar
14. Kosning Búnaðarþingsfulltrúa og varamanna þeirra
15. Kosning skoðunarmanna og endurskoðenda
16. Önnur mál
17. Fundarslit

### 1. Fundarsetning

Fimmtudaginn 6. apríl 2017 var aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands (BV) haldinn í húsnæði Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri

Fundinn setti formaður Búnaðarsamtaka Vesturlands, Þórhildur Þorsteinsdóttir og bauð hún gesti og fundarmenn velkomna. Þórhildur gerði að tillögu sinni að Kristján Magnússon og Jón Gíslason yrðu fundarstjórar og lagði til að ritari fundarins væri Ingveldur H. Ingibergsdóttir. Var sú tillaga samþykkt og bað formaður fundarstjóra að taka við stjórn fundarins. Fundarstjóri skipaði í kjörbréfanefnd, Guðmund Gunnarsson, Halldór J. Gunnlaugsson og Magnús Þór Eggertsson og tóku þeir þegar til starfa.

### 2. Skýrsla formanns Búnaðarsamtaka Vesturlands fyrir árið 2016

Það er orðið löngu úrelt að tala um hefðbundinn og óhefðbundin landbúnað. Þessi skil eru í besta falli mjög óljós. Landbúnaðurinn einkennist nefnilega af mikilli fjölbreytni. Landbúnaðurinn stendur undir fjölbreyttri atvinnustarfsemi í sveitum landsins sem ekki er hægt að gera allri skil í stuttu máli hér.

Í hugum þeirra sem standa utan við landbúnaðinn koma sjálfsagt oftast nær fyrst upp í hugann mjólkurframleiðsla og sauðfjárrækt, þegar orðið landbúnaður er nefnt. Það er hins vegar ekki rétt mynd af íslenskum landbúnaði. Hvað er rétt mynd af íslenskum landbúnaði? Er það myndin af einsetu manningum í gat slitnum fötum með hatt á höfði og í gúmmískóm?

Vinkona mín ein fór til Reykjavíkur í haust með kjötskrokka sem hún var að selja, hafði starfsmaður fyrirtækis í höfuðborginni milligöngu um þessa kjötsölu til samstarfsmanna sinna og var ákveðið að hún kæmi fyrirframákveðin dag að þessu fyrirtæki og myndi afhenda kassana. Þegar það var búið og starfsmenn fyrirtækisins komnir inn aftur þá segja þeir, Vá hún var bara í venjulegum fötum!! Ímynd okkar bæði hvað varðar framleiðslu, framleiðsluaðferðir, aðbúnað og umhverfi er okkur gífurlega dýrmætt og ekki sama hvernig við tölum eða högum okkur. Við lifum nefnilega á tímum samfélagsmiðla. Í heimum alnetsins gætir víða óþolinmæði, skorti á aga og trausti og ekki síst vantar oft góða umræðuhéð í samfélaginu. Orðræðan er harðari en áður og einkennist af mikilli dómhörku á kostnað málefnalegra rökræðna. En það er nú oft þannig að menn sem nota rök sem ekkert hald er í geta samt sem áður búið til ómálefnalegar umræður byggðar á rangtúlkun, upphrópunum og misskilningi. Á tímum alnetsins er það ótrúlega fljótlegt. Munum bara alltaf að ein verðmætasta eign íslensks landbúnaðar er gott orðspor.

Rekstur Búnaðarsamtaka Vesturlands gekk ágætlega árið 2016 og er rekstur samtakanna gerður upp með hagnaði upp á kr 95.697 sem er tölverður viðsnúningur frá árinu á undan þegar þau voru gerð upp með rúmlega 2. Mkr tapi.

Rekstrartekjurnar urðu rúmlega 106 milljón sem er aukning á milli ára um rúmlega 3 Mkr. Rekstrargjöldin hækkuðu lítið á milli ára, því er kannski helst að þakka að við náðum tölverði lækkun gjalda er varða bifreiða- og rekstursgjöld ásamt öðrum rekstrarkostnaði.

Búnaðarsamtökin leigja RML meiripart skrifstofuhúsnæðis síns og einnig hafa bilar BV verið leigðir til þeirra þegar þarf. Engin nýr bíll var keyptur í sæðingarnar. Starfssemi BV var með hefðbundnu sniði á árinu, sæðingarstarfsemi bæði í nautgriparækt og sauðfjárrækt, bændabókhald, klaufsnyrting, lögbundnar úttektir á þróunar- og jarðabótaverkefnum og umsóknum fyrir Framleiðnisjóð. Einnig

hefur Guðmundur Hallgrímsson sinnt verkefninu um starfsumhverfi bænda sem ber heitir Búum vel í samvinnu við Bændasamtök Íslands.

Torfi Bergsson er framkvæmdastjóri Bjargráðasjóðs í 30% starfi og mun vera það út þetta ár. Starfssemi sauðfjársæðingarstöðvarinnar í desember s.l gekk vel, aðeins fækkun var á milli ára í seldu sæði en að öðru leyti gekk sá rekstur ágætlega.

Við réðum inn nýjan starfsmann um áramótin, hann Helga Má Ólafsson í 70% starfshlutfall til að sinna túnkortagerð og sem afleysingamann frjótækna. Guðmundur Sigurðsson framkvæmdastjóri minnkaði við sig starfshlutfallið úr 50% í 40%.

Búnaðarþing var um mánaðarmótin feb/mars. Búnaðarþing verður nú haldið annað hvert ár, þannig að næsta þing verður 2018. Í mars síðastliðnum var haldin ársfundur BÍ og var hann haldin í menningar húsinu Hofi á Akureyri.

Aðalfundur samtakanna var haldin hér á Hvanneyri í apríl, var það ágætisfundur í marga staði þó svo að hann markaði ekki nein tímamót í starfi samtakanna. En ákveðið var að bjóða Búnaðarsambandi Vestfjarða til frekari samstarfs.

Formaður og framkvæmdastjóri fóru svo á aðalfund Búnaðarsambands Vestfjarða sem var haldin í Heydal. Var það fámennur en góður fundur. Þar var fyrirferðamest umræðan um félagskerfið. Var því komið til fundarins að Búnaðarsamtök Vesturlands væru til í frekari samstarf, jafnvel með sameiningu í huga. Var tekið vel í þær hugmyndir á staðnum en ekkert hefur síðan fréttst meir.

Formaður tók þátt í starfi á vegum Sóknaráætlunar Vesturlands um eflingu menntunar og samstarfs í matvælaframleiðslu á Vesturlandi. Nú í vikunni óskaði SSV eftir að formaður tæki sæti í verkefnisstjórn í verkefni sem er verið að koma af stað og ber heitið „Matarlandið Vesturland“ og hefur það að markmiði „að efla matvælaframleiðslu, fullvinnslu hráefnis í héraði, sölu beint frá býli, hráefnisnotkun úr heimahéraði á veitingastöðum og matartengda upplifun á Vesturlandi.“

Formannafundur Bændasamtakanna var haldin 7. nóvember og var þar farið yfir hin ýmsu mál en fyrirferðamest var umræðan um félagskerfið og innheimta félagsgjalda og kom þar fram að breyta þyrfti samþykktum BÍ til að sú vinna gæti farið af stað.

Aukabúnaðarþing var haldið 24. nóvember. Fyrir þinginu lá eitt mál, breytingar á samþykktum BÍ. Umræður um þetta einstaka mál voru góðar og lauk þessum fundi sem var sérstakur að því leyti notast var við fjarfundabúnað til hagræðis fyrir þingfulltrúa en hluti fulltrúa sat fundinn á Akureyri, fundi lauk með því að samþykktir BÍ voru samþykktar eins og þær líta út í dag.

Auk þeirra funda og mála sem hafa verið rakin hér að ofan hefur formaður sótt ýmsa fundi og viðburði sem tengjast landbúnaðarmálum á einn eða annan hátt.

Stærsta mál Búnaðarsamtaka Vesturlands á yfirstandandi ári og árum er fjármögnun og rekstur BV til framtíðar. Á formannafundi okkar í janúar var tekin sú ákvörðun að hækka félagsgjaldið úr 5.000 kr í 8.000 kr. Hófleg hækkun að okkar mati. Það er undir okkur sjálfum komið hvernig starfssemi BV verður til framtíðar litið.

Það er fullt af spurningum sem við þurfum að svara; í fyrsta lagi eru menn með það á hreinu hvað þeir hafa verið að greiða í búnaðargjald og hvaða þjónustu hafa menn fengið í staðinn? Eigum við að hækka félagsgjaldið meira ásamt því að hækka gjaldskrá ennfrekar? Eða eigum við að halda félagsgjaldinu í hófi en hækka gjaldskrána enn meira? Við þurfum að velta við hverjum steini, eigum við að hætta einhverri þjónustu? Það kostar nefnilega að afla þeirra. Við leggjum hér til að fækka stjórnarmönnum í þrjá, hætta þessari úreldu svæðaskiptingarhugsun.

Eru menn hér með nýjar hugmyndir að verkefnum? Þetta eru krefjandi spurningar en þeim þurfum við að reyna að svara. Núna höfum við tækifæri að taka til, að móta stefnuna, ákveða hvernig við viljum hafa okkar félagsskap, hvert við viljum fara með samtökin okkar og hvernig við ætlum að reka þau. Því kalla ég eftir umræðu um þessi mál og biðla til ykkar fundarmenn að tjá ykkur hér í dag um hvernig þið sjáið framtíð Búnaðarsamtaka Vesturlands.

Starfsfólki Búnaðarsamtaka Vesturlands eru hér færðar þakkir fyrir þeirra störf sem unnin eru af trúmennsku og áhuga. Bændum á Vesturlandi, Vestfjörðum og Kjalarnesi eru færðar þakkir fyrir ánægjulegt samstarf. Samstarfsmönnum mínum í stjórn BV þakka ég góða samvinnu. Að lokum er framkvæmdastjóra, Guðmundi Sigurðssyni færðar þakkir fyrir ánægjulegt og gott samstarf.

Brekku Norðurárdal 4. apríl 2017

Þórhildur Þorsteinsdóttir.

### 3. Ávörp gesta

Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson formaður BÍ flutti góðar kveðjur frá stjórn og starfsfólki Bændasamtaka Íslands. Hann fór yfir helstu verkefni síðustu misseri sem eru nýju búvörusamingarnir og síðan endurskoðun á félagskerfinu og ásetning félagsgjalds.

### 4. Afgreiðsla kjörbréfanefndar

Guðmundur Gunnarsson gerði grein fyrir kjörbréfum

#### Frá Búnaðarfélagi Hvalfjarðar:

Daníel Ottesen

Helgi Már Ólafsson

Hannes A. Magnússon

#### Frá Búnaðarfélagi Skorradals:

Jón Eiríkur Einarsson

#### Frá Búnaðarfélagi Andakíls:

Eiríkur Blöndal

Egill Gunnarsson

#### Frá Búnaðarfélagi Lundarreykjadal:

Jón Gíslason

#### Frá Búnaðarfélagi Reykdæla :

Magnús Þór Eggertsson

#### Frá Búnaðarfélagi Þverárþings:

Davíð Sigurðsson

**Frá Búnaðarfélagi Mýramanna:**

Halldór J. Gunnlaugsson

Hálfván Helgason

Unnur Sigurðardóttir

**Frá Búnaðarfélagi Kolbeinsstaðahrepps:**

Kristján Magnússon

Albert Guðmundsson

**Frá Búnaðarfélagi Eyja-og Miklaholtshrepps:**

Guðný Linda Gísladóttir

Pröstur Aðalbjarnarson

**Frá Búnaðarfélagi Staðarsveitar:**

Kristján Þórðarson

Guðjón Jóhannesson

**Frá Búnaðarfélagi Eyrarsveitar: - enginn fulltrúi**

**Frá Búnaðarfélagi Helgafellssveitar – enginn fulltrúi**

**Frá Búnaðarfélagi Hörðudals:**

Kjartan Jónsson

**Frá Búnaðarfélagi Miðdala:**

Sigursteinn Hjartarson

Valberg Sigfússon

María Línal

**Frá Búnaðarfélagi Laxárdals:**

Magnús Kristjánsson

**Frá Búnaðarfélagi Hvammsfjarðar:**

Guðmundur Gunnarsson

Eyjólfur Ingvi Bjarnason

Samkvæmt kjörbréfum voru 25 fulltrúar mættir. Ekki komu fram athugasemdir við þessa fulltrúa og teljast þeir því réttkjörnir.

Samkvæmt félagatali eru félagar 706 þar af 398 gjaldskyldir.

Auk þess sátu fundinn, Ásbjörn K. Pálsson búnaðarþingsfulltrúi, Birna Hauksdóttir fyrir félag hrossabænda á Vesturlandi, Pétur Diðriksson fyrir LK og gestur fundarins Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson frá BÍ.

### 5. Ársreikningur lagður fram.

Guðmundur fór yfir framlagðan ársreikning og eru helstu niðurstöður úr rekstrar-og efnahagsreikningi eftirfarandi:

Rekstrartekjur alls kr.106.802.732 .-

Rekstrargjöld alls kr.100.451.106 .-

Afskriftir kr.4.845.315 .-

Hagnaður fyrir fjármagnsliði er kr.1.506.311 .-

Fjármagnsliðir eru neikvæðir um kr.1.414.088 .-

Hagnaður dótturfélagsins BBV ehf er kr.3.474 .-

Hagnaður ársins er kr.95.697 .-

Eignir samtals eru kr.51.174.772 .-

Eigið fé er alls kr.19.347.213 .-

Skuldir samtals eru kr.31.827.559 .-

Skuldir-og eigið fé alls kr.51.174.772 .-

### 6. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga.

Enginn kvað sér hljóð varðandi reikninga Búnaðarsamtakana.

### 7. Afgreiðsla reikninga

Jón Gíslason kom með óformlega fyrirspurn varðandi það hvernig menn sjái framtíð Búnaðarfélaganna.

Guðmudur Sigurðsson svaraði því að eflaust væri æskilegt að sjá meiri sameiningar.

*reikningar samþykktir samhljóða*

M A T A R H L É

### 8. Kynning á Matvælastofnun, Guðlaugur Antonsson

9. Kynning á Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, Borgar Páll Bragason

10. Tillögur lagðar fram

11. Nefndarstörf, Guðmundur Sigurðsson lagði fram skipan í nefndir.

Kjörbréfanefnd

Guðmundur Gunnarsson- *formaður*

Halldór J. Gunnlaugsson

Magnús Þór Eggertsson

Allsherjarnefnd

Þröstur Aðalbjarnarson – *formaður*

Egill Gunnarsson

Daníel Ottesen

Helgi Már Ólafsson

Kjartan Jónsson

Davíð Sigurðsson

Unnur Sigurðardóttir

Laqanefnd

Valberg Sigfússon – *formaður*

Eyjólfur Ingvi Bjarnason

Eiríkur Blöndal

Guðný Linda Gísladóttir

Magnús Kristjánsson

Hálfván Helgason

Sigursteinn Hjartarson

Guðjón Jóhannesson

Fjárhagsnefnd

María Líndal – *formaður*



Hannes A. Magnússon

Albert Guðmundsson

Halldór J. Gunnlaugsson

Jón Eiríkur Einarsson

Kristján Þórðarson

## 12. Afgreiðsla mála

### ***Þröstur Aðalbjarnarson kynnti tillögur allsherjarnefndar:***

**Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands (BV) haldinn að Hvanneyri 6. apr. 2017**, beinir því til stjórnar BV að BV innheimtir aðildagjöld beint af félagsmönnum frá og með næstu áramótum.

Til máls um tillöguna tóku, Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Kristján Magnússon, Guðmundur Sigurðsson, Valberg Sigfússon, Davíð Sigurðsson

*Samþykkt að vísa tillögu frá með 14 atkv. 2 voru á móti.*

**Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands (BV) haldinn að Hvanneyri 6. apr. 2017**, beinir því til stjórnar BV að innheimta aðildagjalda fyrir árið 2017 verði ekki innheimt af búnaðarfélagum fyrr en uppfærð félagatöl búnaðarfélaga hafi skilað sér.

Til máls um tillöguna tóku, Ingveldur Ingibergsdóttir og Guðmundur Sigurðsson

*Samþykkt með 8 atkv. á móti 5*

### **Greinargerð:**

Farið verður fram á að búnaðarfélögin skili inn uppfærðum félagatölum fyrir ákveðna dagsetningu sem stjórn BV ákveður. Þar mun koma fram hvaða félagsmenn og hve margir í hverju félagi hafi sannarlega greitt félagsgjald og þar með hve mikið BúVest geti innheimt af hverju búnaðarfélagi.

### **Tillaga frá Búnaðarfélagi Eyrarsveitar lögð fram, varðandi starfsemi BV.**

Ekki sást grundvöllur til að vinna með tillögu frá Búnaðarfélagi Eyrarsveitar og henni því vísað aftur heim í hérað.

### ***Valberg Sigfússon kynnti tillögur laganeftdar:***

Til umfjöllunar var 1 tillaga um breytingar á samþykktum Búnaðarsamtakanna, kosið var um breytingar á hverri grein og síðan um breytingarnar í heild sinni.

2. gr. var lögð fram frá stjórn BV með tillögu um breytingu.

**Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands (BV) haldinn að Hvanneyri 6. apr. 2017**, samþykkir að 2. gr. verði óbreytt

Til máls tóku, María Línal, Jón Gíslason og Guðmundur Sigurðsson

*Samþykkt samhljóða*

3. gr. var lögð fram frá stjórn BV með tillögu um breytingu

**Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands (BV) haldinn að Hvanneyri 6. apr. 2017, samþykkir að 3. gr. verði óbreytt**

*Samþykkt samhljóða*

7. gr. Var lögð fram frá stjórn BV með tillögu að breytingu

**Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands (BV) haldinn að Hvanneyri 6. apr. 2017, samþykkir að 7. gr. samþykka BV hljóði svo:**

Á aðalfundi skal kjósa 3ja manna stjórn búnaðarsamtakanna og jafnmarga til vara, svo og tvo skoðunarmenn reikninga ásamt varamönnum þeirra. Fyrst skal formaður kosinn, síðan 2 stjórnarmenn. Stjórnin kys varaformann úr sínum hópi. Kosning búnaðarþingsfulltrúa skal fara fram á aðalfundi. Formaður BV tekur sjálfkrafa sæti búnaðarþingsfulltrúa. Kjörtími stjórnar, varamanna hennar, búnaðarþingsfulltrúa, skoðunarmanna og varaskoðunarmanna er milli aðalfunda.

Allir félagsmenn aðildarfélaganna eru skyldir til að taka kosningu eitt kjörtímabil til þeirra starfa sem samtökin kjósa menn til og ákveðið er í samþykktum þessum.

Til máls tóku, Albert Guðmundsson og Eiríkur Blöndal.

*Samþykkt, 1 atkv. á móti*

Laganefnd lagði fram breytingu á 8. grein samþykta BV.

**Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands (BV) haldinn að Hvanneyri 6. apr. 2017, samþykkir að 8. gr. samþykka BV hljóði svo:**

Á aðalfundi skal taka fyrir eftirfarandi:

1. Skýrslu stjórnar um starfsemi á liðnu ári.
2. Ársreikningur síðasta árs lagður fram til samþykktar svo og fjárhagsáætlun yfirstandandi árs.
3. Tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap og framlög í varasjóði.
4. Kosning stjórnar og varastjórnar
5. Kosning búnaðarþingsfulltrúa
6. Kosning skoðunarmanna.
7. Ákvörðun um greiðslur til stjórnar-og skoðunarmanna fyrir störf í þágu samtakanna.
8. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.
9. Á aðalfundi skal leggja fram skriflega skýrslu framkvæmdastjóra um störf Búnaðarsamtakanna á liðnu ári.

*Samþykkt samhljóða*

Lögð var fram breyting á 12. grein samþykta BV.

**Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands (BV) haldinn að Hvanneyri 6. apr. 2017**, samþykkir að 12. gr. samþykta BV hljóði svo:

Samþykktir þessar eru samþykktar á aðalfundi BV 6. apríl 2017 og verða sendar til staðfestingar stjórnar Bændasamtaka Íslands.

Til máls tók Guðmundur Sigurðsson og útskýrði breytingar.

*Samþykkt samhljóða*

**Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands (BV) haldinn að Hvanneyri 6. apr. 2017**, samþykkir að eftirfarandi texti fyrir neðan 12. gr. samþykta BV verði felldur niður:

Vegna kosninga til Búnaðarþings.

„Kosning búnaðarþingsfulltrúa skal fara fram á aðalfundi.

Markmið vegna kosninga til búnaðarþings er að búnaðarþingsfulltrúum frá Vesturlandi fækki ekki frá því sem nú er og að sama fyrirkomulag verði viðhaft við þá kosningu og er um kosningu á almennum stjórnarmönnum BV.

Markmið er að formaður BV verði fulltrúi BV á Búnaðarþingi.“

*Samþykkt samhljóða*

Breytingar á samþykktum BV voru síðan bornar upp til atkvæðagreiðslu í heild sinni,

*samþykktar samhljóða*

**María Línal kynnti tillögur fjárhagsnefndar:**

**Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands (BV) haldinn að Hvanneyri 6. apr. 2017**, samþykkir að árgjald fyrir árið 2018 verði kr. 8.000.-

*Samþykkt samhljóða*

**Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands (BV) haldinn að Hvanneyri 6. apr. 2017**, samþykkir að laun stjórnarmanna BV verði óbreytt.

*Samþykkt samhljóða*

**Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands (BV) haldinn að Hvanneyri 6. apr. 2017**, samþykkir að laun skoðunarmanna reikninga verði óbreytt.

*Samþykkt samhljóða*

**Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands (BV) haldinn að Hvanneyri 6. apr. 2017**, samþykkir að laun búnaðarþingsfulltrúa verði kr. 10.000.- fyrir hvern fundardag að auki 1/1 dagpeningar.

*Samþykkt samhljóða*

**Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands (BV) haldinn að Hvanneyri 6. apr. 2017**, samþykkir að laun aðalfundarfulltrúa, ½ dagpeningar, verði felld niður en greiddir verði aksturpeningar.

**Halldór J. Gunnlaugsson, kynnti fjárhagsáætlun:**

**Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands (BV) haldinn að Hvanneyri 6. apr. 2017, samþykkir eftirfarandi fjárhagsáætlun:**

Fjárhagsáætlun fyrir Búnaðarsamtök Vesturlands 2017		
	Áætlun	Raun
	2017	2016
<b>Rekstartekjur</b>		
Seld þjónusta	90.960.000	86.089.937
Starfsfé	16.900.000	20.424.554
Aðrar tekjur	200.000	288.241
<b>Tekjur alls</b>	<b>108.060.000</b>	<b>106.802.732</b>
<b>Rekstrar gjöld.</b>		
Rekstrarvörur	19.500.000	19.211.091
Laun og launatengd gjöld	61.000.000	60.334.316
Bifreiða- og ferðakostnaður	12.200.000	12.404.081
Annar rekstrarkostnaður	8.700.000	8.501.618
Afskriftir alls	4.900.000	4.845.315
<b>Samt:</b>	<b>106.300.000</b>	<b>105.296.421</b>
Hagnaður (tap) fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	1.760.000	1.506.311
Fjármunatekju/fjármunagj.	- 1.400.000	- 1.414.088
Afkoma dótturfélags (eða aðrar tekjur)	3.000	3.474
<b>Mismunur.</b>	<b>363.000</b>	<b>95.697</b>

Til máls um fjárhagsáætlun tóku, Ásbjörn K. Pálsson, Guðmundur Sigurðsson, Kristján Magnússon og María Líndal

a. Kosið var um formann Búnaðarsamtaka Vesturlands, hlaut Þórhildur Þorsteinsdóttir kosningu með lófataki.

Bryndís Karlsdóttir, Geirmundarstöðum og Hannes Adolf Magnússon buðu sig bæði fram til sjónarkjörs og voru þau kosin með lófataki.

Kosning varamanns formanns:

b. Kosning varamanna stjórnarmanna

1. varamaður kosinn Eyjólfur Ingvi Bjarnason, 2. Varamaður kosinn Helgi Már Ólafsson, 3. Varamaður kosinn Þröstur Aðalbjarnarson.

### 14. Kosning búnaðarþingsfulltrúa og varamanna þeirra

1. fulltrúi, Þórhildur Þorsteinsdóttir, formaður

2. fulltrúi, Ásbjörn K. Pálsson

3. fulltrúi, Valberg Sigfússon

4. fulltrúi, Eiríkur Blöndal

Varamenn Búnaðarþingsfulltrúa, 1. Eyjólfur Ingvi Bjarnason, 2. Halldór J. Gunnlaugsson, 3. Þröstur Aðalbjarnarson, 4. Ásberg Jónsson.

### 15. Kosning skoðunarmanna og endurskoðenda

Kosning tveggja skoðunarmanna og varamanna þeirra: Hallur Pálsson og Brynjólfur Guðmundsson.

Varamenn þeirra: Sigurður Jakobsson og Böðvar Bjarki Magnússon.

*Samþykkt með lófataki*

16. Önnur mál – Eyjólfur Ingvi Bjarnason tók til máls benti á að mikilvægt væri að koma samþykktum BV inn á heimasíðu Búnaðarsamtaka Vesturlands.

### 17. Fundarslit

Þórhildur Þorsteinsdóttir, þakkaði fundarmönnum fyrir líflegan og góðan fund, þakkaði það traust sem henni væri sýnt og vonaðist eftir góðu samstarfi við nýja stjórn.

Hún þakkaði starfsmönnum fundarins og framkvæmdastjóra. Þakkaði fráfarandi stjórnarmönnum góð störf og óskaði fundarmönnum góðrar heimferðar.

Fundarritari

Ingveldur H. Ingibergsdóttir

